MENNING

Fagurfræðileg skák

MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhús

Steingrímur Eyfjörð – Lóan er komin

Opið alla daga vikunnar 10:00 – 17:00. Aðgangur ókeypis. Sýningin stendur til 2. mars.

Í LISTASAFNI Reykjavíkur, Hafnarhúsi, stendur nú yfir sýning á innsetningu Steingríms Eyfjörð sem var framlag Íslendinga á Feneyjatvíæringnum síðastliðið sumar. Steingrímur er þjóðinni vel kunnur enda verið ötull og áberandi í íslensku listalífi í meira en þrjátíu ár. Hann er þekktur fyrir verk í anda konseptlistar sem lagði meiri áherslu á hugmyndina sjálfa í formi texta, útskýringa, ljósmynda, teikninga og verkferla en hefðbundin endanlega útfærð myndverk. Aðferðafræði konseptlistarinnar er í útvíkkaðri mynd orðin eitt helsta einkenni samtímamyndlistarinnar þar sem hún hefur blandast áherslum póstmódernismans. Til dæmis áherslum á kennimörk sjálfsmynda, hvort heldur sem einblínt er á þjóðir, kynþætti, kynferði, kyngervi, eða annarra þátta sem byggja upp samsemd.

Sýning Steingríms ber hinn bjartsýna titil „Lóan er komin“ og inniheldur margvísleg verk sem virðast innbyrðis óskyld en tengjast þó öll einhverjum mýtum sem eiga þátt í sameiginlegri sjálfsmynd íslensku þjóðarinnar. Þótt þrívíddarmyndverk á borð við risavaxna lóu, heldur minni spóa steyptan í brons og stíu fyrir ósýnilega álfakind virðist vera í aðalhlutverki á sýningunni þá eru þau frekar eins og sjónrænn viðbótarlúxus við alla handskrifuðu textana, prentuðu sögurnar, ljósmyndir og útskýringar sem eru burðarásinn í sýningunni.

Þjóðarsálin íslenska sem hér birtist er málum blandin, gefur sig út fyrir að vera rannsakandi og gagnrýnin á sjálfa sig um leið og sjálfsupphafningin skín í gegn. Eins og þegar yfirsjálfið lekur yfir í gyllisjálf. Þótt áherslan sé á að áhorfandinn lesi sýninguna vitsmunalega samkvæmt konseptlistahefðinni sem leggur mest í orð og texta þá felur hún einnig í sér sjónrænar fagurfræðilegar skírskotanir sem krefjast tilfinningalegrar skynjunar.

Þessi samsláttur hins rökrétta og órökrétta, texta og myndar er áberandi og meðvitaður þáttur í sýningunni. Hugmyndin um Lógosið sem mystískt samband orðs og myndar er það leiðarstef sem sýningin hverfist um. Hvernig á að lesa mynd og hvernig á að sjá orð. Lógó á morgunkornspökkum leika stórt sjónrænt hlutverk um leið og pakkarnir sjálfir eru notaðir sem Camera Obscura myndavél til að soga í sig ímyndir af Þingvöllum. Broddur pólitískrar gagnrýni litaður samsæriskenningum gefur ákveðinn



Lóan „Sýning Steingríms ber hinn bjartsýna titil „Lóan er komin“.“

tón. Sýningin sem heild gefur í skyn að hún búi yfir einhverju meiru heldur en samanlögð einstök verk hennar fela í sér. Upphafinn gregorískur söngur sem heyra má á myndbandi ýtir undir hugleiðsluástand og gerir áhorfandanum kleift að dvelja lengur og lesa meira í von um að finna einhvern sannleikskjarna sem verkin öll virðast gefa fyrirheit um.

Tilfinning fæst fyrir því að dulin skilaboð leynist í sýningunni, einhver samnefnari, einhver kenning eða heimspeki eða trú. Þetta er eins og að vera eða horfa á alkemista sigta hverja sandhrúguna á fætur annarri í leit að gullkorni eða reyna að skapa það með því að eima eða blanda saman ódýrum málmum.

Sýningin er ákaflega flókin um leið og ekkert krefst þess að maður skilji hana því það er í sjálfu sér nóg að undrast eða brosa. Eða samsama sig hinni meðvituðu bernsku nálgun listamannsins sem setur sig í stellingar þess sem spyr og lærir af öðrum í hinum fjölmörgu viðtölum sýningarinnar. Það vísar í hið hreina hjarta sem er forsenda þess að fá að sjá inn í hina huldu heima. Trúarleg stef eru áberandi, jatan, vatnið, saltið af veginum, ósýnilega kindin, fiskurinn og leynda vopnið gætu falið í sér vísun um yfirnáttúrulega eða fagurfræðilega útvalningu þjóðarinnar eða fulltrúa hennar.

Steingrímur hefur í samvinnu við fjölmarga aðila náð að skapa einstaka og eftirminnilega sýningu sem snertir nauðsynlega tilurð óra fyrir sjálfsmynd, hvort heldur er einstaklings eða þjóðar. Ágætri sýningarskrá hefði þó mátt fylgja stækkunargler.

Þóra Þórisdóttir

Kórsöngur og kirkjudjass

KAMMERKÓR Langholtskirkju fær til liðs við sig suma af þekktustu djasstónlistarmönnum landsins á tónleikum annað kvöld. Þekkt sönglög eftir Jónas og Jón Múla Árnasyni, vinsælir erlendir djassslagarar á borð við „Route 66“ og Bítlalög eru meðal þess sem kórinn hefur verið að æfa að undarförnu. Píanóleikarinn Davíð Þór Jónsson, trommuleikarinn Einar Valur Jónsson, saxófónleikarinn Sigurður Flosason og kontrabassaleikarinn Valdimar Kolbeinn Sigurjónsson spila bæði undir hjá kórnum og leika tónlist án söngs.

Jón Stefánsson stjórnandi kórsins segir tónleikana verða þrískipta, fyrsti hluti þeirra verði helgaður íslensku efni en síðan taka við verk eftir sænska tónskáldið Nils Lindberg. „Í síðasta hlutanum syngur kórinn svo flóknar útsendingar á vinsælum lögum sem voru gerðar fyrir sænsku hljómsveitina Real Group. Það sem er mest spennandi er verk sem heitir Chili Con Carne sem er algjör sprengja. Við höfum verið að berjast við þetta, þetta er mjög krefjandi og spennandi,“ segir Jón.



Árvakur/Brynjar Gauti

Sveifla Kammerkór Langholtskirkju og nokkrir af helstu djasstónlistarmönnum landsins leika létta tónlist með djassívafi á sunnudagskvöld.

Listafélag Langholtskirkju stendur fyrir tónleikunum, en það var stofnað í haust til þess að halda utan um menningarstarfið í kirkjunni. Björn Jónsson, talsmaður félagsins, segir starfið hafa farið vel af stað og að um tvö hundruð manns séu skráð í félagið. „Við erum með fimmtán tónleika á starfsárinu og þeir sem hafa verið haldnir hingað til hafa heppnast mjög vel. Það hefur verið bryddað upp á nýjungum í hvert sinn og nú er komið að Kammerkórnum og kirkjudjassinum.“

Tónleikarnir hefjast klukkan átta í Langholtskirkju. Almennt miðaverð er 2.500 krónur, en kórfélagar og félagar í Listafélagi Langholtskirkju njóta afsláttarkjara.

Huliðsbirta

MYNDLIST


Forkirkja Hallgrímskirkju og Gallerí Turpentine

Arngunnur Ýr Gylfadóttir

Sýningin í Hallgrímskirkju stendur til 29. feb. Opið er alla daga 9–17. Sýningin í Gallerí Turpentine stendur til 19. jan. Opið mán. til fös. frá kl. 12–18 og 12–17 lau.

VOLDUGIR tónar orgelsins í Hallgrímskirkju sköpuðu málverkunum í anddyrinu dramatískan bakgrunn þegar undirrituð var þar á ferð, en þar sýnir Arngunnur Ýr myndir sínar. Arngunnur hefur um árabil þróað margræð málverk sem hafa skýjafar að myndefni. Í því trúarlega samhengi sem kirkjan skapar verkum hennar verða þau dálítið upphafin og skýin sem sum eru bleikrauð, fjólublá eða gullin, auðveldlega séð sem hluti af þróun málverksins allt frá miðöldum, þegar listin tengdist kirkjunni hvað mest, manni detta t.d. í hug kandíflosslegir skýjabólstrar umhverfis bústna engla. Skýjafarið á málverkum Jacob van Ruysdael á 17. öld kemur einnig upp í hugann en ekki síst rómantík 19. aldar sem er uppfull af alls kyns birtingarmyndum himinsins með Turner í fararbroddi. Impressionistarnir leituðust líka við að fanga hverfula birtu. Það er eðlileg þróun að málarar haldi áfram að horfa til himins, og á hverjum tíma er það sem þeir sjá og sýna háð heimsmynd okkar og tíðaranda.

Í Gallerí Turpentine sýnir Arn-



Skýjafar „Arngunnur hefur um árabil þróað margræð málverk...“

gunnur sömuleiðis stór málverk, einnig minni myndir sem gætu verið skissur en eru þó fullunnin verk. Skýjamyndir hennar hafa undantekningarlaust jarðtengingu, fjallatoppa eða eyjar. Bestu myndirnar eru margræðar og áleitnar, þegar horft er á þær er eins og fótunum sé kippt undan manni og himinn og jörð verða eitt, forgrunnur og bakgrunnur, hvað snýr upp og hvað niður brenglast, ef til vill í samræmi við rómantíska hugmynd um smæð mannsins gagnvart hinni stóru náttúru. Á móti þessari rómantísku hugmynd kemur síðan gagnrýnin og nútímaleg vinnuaðferð málara sem tekst á við myndflötinn af vísindalegri nákvæmni, rífur svolitla skænu af hér, leyfir litunum að blandast þar, setur saman fínlegar og flæðandi litasamsetningar sem koma stöðugt á óvart.

Arngunnur hefur ekki haft sig mjög í frammi hérlendis enda lengst af verið og er enn búsett erlendis. Hún á þó fullt erindi inn í íslensku listasöguna með sérstakan myndheim sinn, þar sem á stundum nær sykursætt yfirborðið leynir töluvert á sér.

Ragna Sigurðardóttir

Hríslandi unaður

TÓNLIST

Háskólabíó

Sinfóníutónleikar★★★½☆

Þorkell Sigurbjörnsson: Ljósbogar. Mahler: Rückert-Lieder. Vaughan-Williams: Sinfónía nr. 5. Einsöngur: Rannveig Fríða Bragadóttir. Sinfóníuhljómsveit Íslands u. stj. Rumons Gamba. Fimmtudaginn 17. janúar kl. 19:30.

AÐSÓKNIN að fyrstu sinfóníutónleikum ársins í rauðu röðinni var mjög góð og furðuóháð fannferginu er gerði smábílaeigendum úthverfanna örðugt um vik.

Í tilefni af sextugsafmæli hins ástsæla konsertmeistara SÍ, Guðnýjar Guðmundsdóttur, hófst dagskráin á verki Þorkels Sigurbjörnssonar *Ljósbogar* (11'), samið til fimmtugsafmælis hennar 1997, og flutt af sameinuðum fiðlarahópum hljómsveitarinnar eða um 27 manns. Piparmyntuferskt þrástefjaskotið en kliðfagurt verkið ku öðrum þræði hafa verið hugsað fyrir sístækkandi nemendaskara Guðnýjar, enda sló það mann við fyrstu heyrn sem fyrirtaks upphitunaretýða fyrir jafnt langt komna nemendur sem atvinnumenn. Í því sambandi væri kannski athugunarvert fyrir verkefnavalsnefnd að grennslast eftir gagngerum „æfingum“ fyrir sinfóníuhljómsveit, ef einhverjar bitastæðar fyrirfyndust í heimstónbókmenntum, og bera á borð fyrir tónleikagesti. A.m.k. kom þessi bráðfallega út í vel samstilltum leik 1. og 2. fiðluleikara SÍ undir innblásinni stjórn Rumons Gamba.

Rannveig Fríða Bragadóttir var greinilega á heimavelli í fimm Rückert-ljóðum Gustavs Mahlers frá 1902, jafnvel þótt neðra tónsvið hennar lyti stundum í lægra haldi fyrir hljóðfæramagnum í afleitum sönghljómburði Háskólabíós. Þó að síðustu og lengstu tvö ljóðin héldu varla sömu athygli og fyrri þrjú (dulítið a la „Wagner á valíum“ eins og gárungi orðaði það), var leikurinn í jafnháum klassa og fyrr, og Rannveig fór með alinlöngu úthaldskrefjandi hendingarnar af fagmannlegri innlifun.

Látlaus andi þjóðlagsins er sjaldan langt undan hjá brezka tónskáldinu Ralph Vaughan-Williams (1872-1958), og fjórþætt 5. sinfónía hans frá 1938-43 er þar engin undantekning. Að friðsælu og heiðtæru heildaryfirbragði viðbættu er ekki laust við að líta megi á verkið sem friðarákall á viðsjárverðum tímum.

Ljóst var frá upphafi að stjórnandinn þekkti ópusinn í bak og fyrir, enda leikurinn afbragðsgóður, styrkbrigðaramminn míluvíður (*pppp* niðurlag Rómönzunnar (III) var t.a.m. engu líkt), og náttúrulýrísk litbrigði tréblásturs og viðhafnarglampi látúnsins veittu hlustendum unað af því hríslandi tagi er réttlætir til fullnustu ómakið við að bregða sér burt frá hljómflutningstækjum heimilisins á vettvang lifandi spilamennsku. Og hafi höfundur ekki alveg haldið sambærilegum dampi til enda í síðustu þáttum, þá má samt óhætt flokka þessa tónleika meðal hinna betri á hálfliðinni vertíð.

Ríkarður Ö. Pálsson

Ódýr og góð gisting
í hjarta Kaupmannahafnar
www.gisting.dk
sími: 0045 3694 6700

SUMARTÓNLEIKAR
LISTASAFNS
SIGURJÓNS ÓLAFSSONAR
2007

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar býður tónlistarfólki að sækja um þátttöku í þriðjudagstónleikum sumarið 2008 sem verða haldnir vikulega frá miðjum júlí til ágústloka.

Umsóknir skulu hafa borist fyrir 12. febrúar nk. með drögum að efnisskrá, upplýsingum um flytjendur (CV) og kjörtíma tónleika. Valið verður úr umsóknum og öllum svarað.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar,
Laugarnestanga 70, 105 Rvk.
www.lso.is - lso@lso.is